

FASTEIGNAGJÖLD OG ÚTSVAR ÁRIÐ 2022

Útsvarsprósenta árið 2022 er 14,52%

Álagning gjalda

Álagning fasteignagjalda byggist á fasteignamati húsa og lóða í Ísafjarðarbæ. Matið er framkvæmt af Þjóðskrá Íslands samkvæmt [V. kafla laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna](#). Álagning fasteignagjalda fer fram á vegum fjármáladeildar Ísafjarðarbæjar sem einnig hefur umsjón með leiðréttingum, reikningagerð og innheimtu. Fasteignagjöld skiptast í fasteignaskatt, lóðarleigu, vatnsgjald, holræsisgjald og sorpgjald.

Álagningarreglur*

Gjöld	Íbúðarhúsnaði	Aðrar fasteignir
Fasteignaskattur	0,56%	1,650%
Lóðarleiga	1,500%	3,000%
Vatnsgjald	0,02%	0,30%
Holræsisgjald	0,15%	0,30%
Rotþróargjald	kr. 12.378,-	

Sorpgjald	
Sorphirða á heimili	kr. 19.900,-
Sorpförgun á heimili	kr. 37.900,-
Sorpförgun sumarbústaðir og íbúðarhúsnaði m/takmarkaðri íveru v/snjóflóðahættu	kr. 18.950,-

Gjalddagar og greiðslutilhögun

Gjalddagar eru tólf á árinu. Fyrsti gjalddagi er 15. janúar, síðan 15. hvers mánaðar (febrúar-desember). Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga. Eftir eindaga reiknast dráttarvextir frá gjalddaga. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga ef ekki er greitt fyrir eindaga. Fasteignagjöld, kr. 45.000,- og lægri, eru innheimt með einum gjalddaga 15. apríl. Ekki eru gefnir út greiðsluseðlar þegar álagningin er undir kr. 400,-. Fasteignaskattar, lóðarleiga fyrir íbúðarhúsalóðir og sorphirðugjöld eru tryggð með lögveði í fasteigninni. Innheimtuviðvörðun er send út eftir eindaga þar sem gjaldendum er gefinn kostur á að greiða kröfu svo komist verði hjá milli- og lögginnheimtu gjalda.

Álagningarseðill fasteignagjalda verður ekki sendur út á pappírformi, en greiðendur geta flett honum upp á vefsíðunni www.island.is.

Greiðsluseðlar á pappírformi verða þó sendir til íbúa fæddra 1946 og fyrr. Þá er hægt að óska eftir því að fá álagningar- og greiðsluseðla senda með því að senda tölvupóst á innheimta@isafjordur.is eða hringja í síma 450-8000.

Reglur um afslætti til elli- og örorkulífeyrisþega

Elli- og örorkulífeyrisþegum er veittur afsláttur af fasteignaskatti og holræsisgjaldi vegna íbúða þeirra til eigin nota. Afslátturinn er að hámarki kr. 100.000,- og er tekjutengdur. **Umsóknir um afslátt skulu berast í síðasta lagi 28. febrúar á gjaldaári.** Við álagningu fasteignagjalda ár hvert er afsláttur unninn á sjálfvirkan hátt í gegnum vinnslu álagningakerfis. Forsendur eru sóttar í gegnum vefþjónustu RSK og byggist á tekjum þar síðasta árs. Afslátturinn tekur einungis til fasteignaskatts og holræsisgjalds. Miðast afslátturinn við eftirfarandi tekjumörk:

Einstaklingur			Hjón/sambúðarfólk		
Frá kr.	Til kr.	Afsláttur	Frá kr.	Til kr.	Afsláttur
0	3.845.000	100%	0	6.152.000	100%
3.845.001	4.306.000	80%	6.152.001	6.890.000	80%
4.306.001	4.823.000	60%	6.890.001	7.717.000	60%
4.823.001	5.402.000	40%	7.717.001	8.643.000	40%
5.402.001	6.050.000	20%	8.643.001	9.680.000	20%

Við fráfall maka ellilífeyrisþega, gildir niðurfelling fasteignaskatts og holræsagjalds ári eftir að andlát átti sér stað, að hámarki **kr. 100.000,-**.

[Umsókn um lækkun fasteignaskatts fyrir elli- og örorkulífeyrisþega eða vegna andláts maka](#)

Reglur um styrkveitingar til félaga- og félagasamtaka

Félög og félagasamtök, sem eru fasteignaeigendur í Ísafjarðarbæ, og í húsnæðinu fer eingöngu fram starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþrótt-, æskulýðs- og tómstundarstarfsemi og mannúðarstörf eiga þess kost að sækja um styrki til greiðslu fasteignaskatts af viðkomandi fasteign.

Skilyrði styrkveitingar til félaga- og félagssamtaka er að húsnæðið sé nýtt til menningar-, íþrótt-, æskulýðs- og tómstundarstarfsemi og mannúðarstarfa og styrkur einungis veittur til greiðslu fasteignaskatts og holræsagjalds. Hámarksstyrkur til hvers félags er **kr. 130.000,-**. Ekki er veittur styrkur til greiðslu þjónustugjalda, svo sem lóðarleigu, vatnsgjalds og sorpgjalds. **Umsóknir skulu berast í síðasta lagi 28. febrúar á gjaldaári.**

[Umsókn um styrkveitingu til félaga- og félagssamtaka](#)

Kvartanir og kærur

Álagning fasteignagjalda er gerð samkvæmt II. kafla [laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga](#), með áorðnum breytingum, ásamt [reglugerð nr. 1160/2005, um fasteignaskatt](#).

Um holræsisgjöld gilda [lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir](#), og samþykkt gjaldskrá fyrir holræsagjald í Ísafjarðarbæ.

Um vatnsgjöld gilda [vatnalög nr. 15/1923](#) og samþykkt gjaldskrá fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu og heimæðargjald í Ísafjarðarbæ.

Um sorpgjöld og sorphirðu gilda [lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs](#), og samþykkt um sorphirðu í Ísafjarðarbæ.

Umsóknarfrestur um afslætti er 28. febrúar á gjaldaári.

Kærufrestur á álagningu er til 28. febrúar á gjaldaári.

Vinsamlegast hafið samband við bæjarskrifstofurnar í síma 450 8000 ef óskað er frekari upplýsinga.

**Sjá nánar um tiltekin gjöld í gjaldskrá um fráveitugjöld, vatnsveitu og sorpgjöld.*